

SANDKORN

Árshátíðarblað
Sandgerðisskóla 2026

www.sandgerdisskoli.is



Sandgerðisskóli
vöxtur - virðing - vilji - vináttu

2010 árgangur á
öskudaginn.

Útgáfa Sandkorns 2026

Nemendaráð Sandgerðisskóla

Kamilla Björk formaður
Embla Ósk varaformaður
Guðný Björg varaformaður
Hafdís Sif ritari
Arnar Smári
Berþór Óli
Hafþór Óli
Mikolaj
Ríkey Guðrún
Jovita Júlía
Áspór Fannar
Kristófer
Sigurrós Soffía

Ábyrgðarmaður:
Örn Ævar Hjartarson



Efnisyfirlit

Viðtal
við
fyrrum
nemanda

Framtíðarspá

Fréttir

Mottó

Vorferð

teymisstríð

Viðtal við
frægan

Systkinastríð

Bræðrastríð

Hvor veit meira um hinn?

Bergþór
Darrí

4 stig
3 stig



DARRI SVARAR UM BERGPÓR

AFMÆLISDAGUR: 4. OKT
SÖNGVARI: DANIEL (DRAKE)
LITUR: BLÁR
ÁHUGAMÁL: FÓTBOLTI
FAG: ÍPRÓTTIR (STÆRÐFRÆÐI)
KVIKMYND: SPIDERMAN (COACH CARTER)
DRAUMASTAÐUR: ORLANDO (ALPARNIR)



BERGPÓR SVARAR UM DARRA

AFMÆLISDAGUR: 21. JÚLÍ
SÖNGVARI: BIRNIR
LITUR: BLÁR
ÁHUGAMÁL: FÓTBOLTI
FAG: STÆRÐFRÆÐI (ÍPRÓTTIR)
KVIKMYND: GROWN UPS (HAPPY GILMORE)
DRAUMASTAÐUR: HAWAII (NEW YORK)



FLÍSAR
OG FÚGA S.847 7524





SMÍÐI

Sími: 869 2068 & 846 5869



SMÍÐI

Sími: 869 2068 & 846 5869



SMÍÐI

Sími: 869 2068 & 846 5869

Viðtalið

SVEINDÍS JANE

*"Ég elska Sandgerðisskóla!
Haldið áfram að vera frábær!"*

1. Fullt nafn? Sveindís Jane Jónsdóttir

2. Hvenær byrjaðir þú að æfa fótbolta?

Ég byrjaði að æfa fótbolta þegar ég var 9 ára.

3. Hvað gerir þú í frítímanum þínum?

Ég geri oftast ekki mikið í frítímanum mínum, ég nota hann oftast í að hlaða batteríin, notast við einhversskonar recovery tæki. Rölti stundum og næ mér í ískaffi og þegar ég nenni þá fer ég stundum í mollið. Mjög misjafnt hvað ég geri en það er nóg að gera hér þar sem ég bý þannig ég get oft fundið mér eitthvað skemmtilegt að gera!

6. Hvað borðar þú venjulega fyrir leik?

Ég borða oftast einhversskona pasta fyrir leik.

7. Hvað er uppáhaldsliðið þitt í enska boltanum, karla og kvenna?

Uppáhalds liðið mitt hefur alltaf verið Arsenal í karla boltanum. En hef ekki ennþá valið mér uppáhalds lið í kvenna boltanum.

8. Ef þú værir ekki atvinnumaður í fótbolta, hvað heldurðu að þú værir að gera í dag?

Ef ég væri ekki í fótbolta þá væri ég pottþétt í einhverskonar bolta íþrótt samt! Ætli ég væri ekki bara í kórfulbolta!

9. Ertu með skilaboð til nemanda í Sandgerðisskóla?

Ég elska Sandgerðisskóla! Haldið áfram að vera frábær!

4. Ertu með hulinn hæfileika?

Úff ég held ekki! Haha en ég er nokkuð góð í að standa á höndum. Kannski ekkert rosalega hulinn hæfileiki þar sem ég geri það frekar oft haha.

5. Hver er uppáhalds söngvarinn þinn?

Uppáhalds söngvarinn minn hefur lengi verið Beyoncé en kærastinn minn hefur komið mér í country tónlist, þannig hef verið að uppgötva fullt af nýjum góðum söngvurum.



FLÍSAR

OG FÚGA S. 847 7524



www.driveme.is driveme@driveme.is

10. bekkurinn

FRÉTTIR

ÍÞRÓTTA DAGUR



Þann 2. október var haldinn íþróttadagur í Sandgerðisskóla þar sem hin árlega fótboltakeppni starfsfólks við nemendur 10. bekkjar fór fram. Síðan fóru nemendur í skipulagða útileiki sem reyndu á þol og styrk.



BÓKHALD OG VIT ehf
S. 8614760



S.K.B. styrkt af NEMENDAFÉLAGINU



Kökur og sólgleraugu seld í bleikum október

Nemendafélag Sandgerðisskóla stóð fyrir fjáröflun á bleika deginum í skólanum þann 24. október þar sem þau buðu til sölu kökusneið frá Sigurjónsbakarí, safe og/eða bleik gleraugu. Kökusneiðin og gleraugun voru seld á 500kr. hvort. Salan gekk mjög vel og seldu þau um 250 gleraugu og 300 sneiðar og söfnuðust 220.000kr. Nemendafélagið heldur áfram að styrkja málefni sem tengjast börnum og ætlar að styrkja Styrktarfélag Krabbameinssjúkra Barna en er þetta í fjórða skipti sem það er gert. Nemendafélagið þakkar góðar móttökur í sölunni og er stolt af því að styrkja gott málefni.



Styrktarfélag
krabbameinssjúkra
barna





Blaðamaður Sandkorns fékk að kíkja í kristalkúluna hjá Röggu spákonu til að kanna hvað framtíðin ber í skauti sér hjá útskriftarárgangi skólans.

Adam Blær Þorsteinsson

útskrifast úr FS með góðar einkunnir og mun spila í ensku deildinni árið 2038 með Manchester United. Hann mun eignast svakalegan Audi. Hann mun spila fótbolta í mörg ár. Hann hittir draumakonuna á veitingastað í Manchester, seinna giftast þau og eignast 2 börn. Svo þegar hann verður 35 ára hættir hann í fótboltanum, flytur til Spánar þar sem hann spilar golf og býr til æviloka.

Aðalheiður Þóra Önnudóttir

fer í FS í rafvirkjanám og kynnist ástinni sinni í vinnu sem rafvirki. Hún og ástin hennar ættleiða þrjá hunda. Aðalheiður flytur til Hvammstanga með gæludýrin og ástinni sinni í æðislega flott hús sem er við foss. Þar stendur stórt Weeping Willow tré með rauðum og fjólubláum blómum.

Agnar Pálmi H. Ragnarsson

fer í Tækniskólann að læra tölvuleikjagerð. Þegar hann sýnir útskriftarverkið sitt fær hann tilboð frá EA sport og fær hann vinnu þar. Hann kynnist ástinni sinni á kynningu á nýja golfleiknum sem Agnar og hópurinn hans hannaði. Þau munu búa í Kaliforníu í Bandaríkjunum, eiga stóra fjölskyldu og lifa hamingjusöm til æviloka.

Aleksandra Halina Chrobok

fer í Myndlistarskóla Kópavogs og kynnist ástinni sinni einn dag í rútunni á leiðinni heim til sín. Þau eignast strák og síðan ættleiða þau kött og hund. Aleksandra skýrir barnið sitt Asmodeus. Þegar hún klárar skólann starfar hún sem Animator (Hreyfileikari). Aleksandra flytur með fjölskylduna sína og gæludýr á Snæfellsnes í æðislegt hús með fallegum garði og sólherbergi.

Arnar Smári Þórðarson

fer í FS og útskrifast með stúdentspróf á íþrótt og lýðheilsabraut. Arnar fer í Háskóla Íslands og hættir þegar hann er hálfnaður með námið því lyftingarnar taka svo mikinn tíma. Hann mun keppa um titilinn sterkasti maður Íslands. Hann finnur ástina í háskólanum og eignast þau saman 3 börn. Arnar opnar vinsælustu líkamsræktarstöðina í Hafnarfirði.

Aron Logi Halldórsson

fer í framhaldskóla og leggur áherslu á sjúkraliðabrautina. Eftir skólann fer Aron í slökkviliðið. Aron bjargar manneskju úr brennandi húsi og verða þau ástfangin eftir það. Þau flytja í fallett einbýlishús í Sandgerði og eignast tvö börn.

Benjamín Hlíðkvist Skúlason

fer í Borgó eftir Sandgerðisskóla í vélvirkjanám. Hann mun stunda mikla líkamsrækt og gerist þjálfari í Sporthúsinu. Hann hittir draumaprinsessuna í ræktinni og eignast þau 3 börn saman. Þau munu búa í Reykjanesbæ alla ævi.

Berþór Óli Daðason

Útskrifast úr FS með góðar einkunnir af íþrótt- og afreksbraut. Hann fer á flottan samning hjá Keflavík í meistaraflokki. Bebbi fær tækifæri með landsliðinu og nýtir það vel. Bergþór kynnist stelpu í gegnum boltann og þau eignast 4 börn og þau giftast. Hann fer svo að læra einkaþjálfarann og hjálpar ungum krökkum að styrkjast og verða betri í íþróttum.

Daníel Þór Daníelsson

fer í félagsfræði í framhaldsskóla og þaðan í fjölmiðlafræði þar sem á endanum verður hann blaðamaður hjá RÚV. Hann mun ferðast um heiminn að fjalla um allt áhugavert sem er að gerast í heiminum, sérstaklega stríðsfréttir. Hann heldur áfram að mastera gítarleikinn sinn og skilur gítarinn aldrei eftir heima.

Elías Snær Elíasson

fær fasta vinnu á leikskólanum með náminu. Hann fer í tölvuleikjanám í FS. Hann útskrifast þaðan og hannar leik sem hann selur til Snapchat fyrir mjög góðan pening. Eftir það þarf hann ekki að hafa neinar áhyggjur af peningum og getur lifað lífinu og gert það sem hann hefur áhuga á. Hann kynnist draumaprinsessunni í vinnunni og eignast þau fjölskyldu og lifa góðu lífi.

Elsa Rós Eggertsdóttir

fer á listabraut í FS og leggur áherslu á myndlist. Hún útskrifast með stæl og fær svo vinnu hjá Pixar fyrirtækinu þar sem hún tekur þátt í að gera teiknimyndir sem koma í bíó. Hún hittir ástina sína á ferðalagi í Evrópu og byggja þau hús í Belgíu þar sem þau lifa hamingjusömu lífi.

Embla Ósk Óskarsdóttir

fer í FS og finnur draumaprinsinn sinn þar. Hún útskrifast úr FS með stúdentspróf af félagsfræðibraut, fer svo í Háskóla Íslands og útskrifast þaðan sem sálfræðingur. Á meðan hún er í námi opnar hún sýna eigin förðunarstofu og kaupir lítið hús í bænum með kærastanum sínum. Eftir námið flytja þau aftur suður og kaupa sér stórt og flott hús, þau eignast börn, 2 hunda og lifa mjög góðu lífi.

Eygló Natalie Hallsdóttir

fer í FS á fjölgreinabraut og útskrifast þaðan með glæsibrag. Hún fer þaðan í arkitektúrnam. Eftir námið hennar hún margar fallegar byggingar og verður mjög mikilvæg í hönnun á uppbyggingu hér á svæðinu og sérstaklega í Grindavík. Hún kynnist draumamanninum í vinnunni og eignast þau saman 2 stráka. Þau ferðast mikið og kaupa saman hús á Spáni.

Eyjólfur Þór Soliwoa Ólafsson


fer í FS og útskrifast með sínar einkunnir. Hann verður mjög duglegur í ræktinni og verður mjög þekktur. Hann fær samstarf með Gymshark og verður mjög frægur einkaþjálfari. Hann kynnist konu í gegnum ræktina og þau giftast og eignast tvíbura. Þau flytja öll saman í risa stórt hús og eiga 2 hunda.

 **ÖKUKENNSLA**
SUÐURNESJA

Til hamingju! nemendur í 10.bekk
fá 10% afslátt af ökutímum.



 OKS.IS

 869-3864

Þórhallur Guðjónsson

Franz Mikael Jensson

fer í smiðinn í FS. Hann útskrifast sem smiður og verður einn af aðalhusasmíðameisturunum sem heldur áfram uppbyggingunni í nýja hverfinu í Sandgerði. Franz mun halda áfram í bardagaíþróttum og verða Íslandsmeistari í sinni grein. Hann hittir draumaprinsessuna í einni keppninni. Þau munu búa í Reykjanesbæ, eignast yndisleg börn og ferðast mikið um heiminn.

Guðný Björg Elínardóttir

fer í viðskiptanáám eftir Sandgerðisskóla og útskrifast með topp einkunnir. Eftir námið fær hún vinnu hjá umboðsfyrirtækinu sem sér um margar frægar söngkonur eins og Björk og Laufey þar sem hún ferðast um heiminn og skipuleggur viðburði fyrir margar skærustu stjórnur í heiminum. Hún hittir draumamakann í einni ferð sinni um heiminn. Þau eignast fjölskyldu saman og búa í Milánó.

Hafdís Sif Þórarinsdóttir

mun læra sálfræði og félagsfræði í bænum. Eftir það mun Hafdís fara í prestsnám og taka við af Sigga prest hérna í Suðurnesjabæ. Hún reynist frábær prestur. Hafdís mun gifta sig, eignast fjögur börn og búa hérna í Sandgerðisbæ.

Hafþór Óli Jóhannesson

fer í Fisktækniskólann eftir grunnskólann og leggur áherslu á skipstjóranám og fisksölu. Hafþór mun stofna útgerð sem veiðir, gerir út og selur fiskinn sjálf. Hann hittir draumaprinsessuna á Stóru sjávarútvegssýningunni og byggja þau búgarð í Sandgerði með útsýni yfir hafið þar sem þau verða með hesta. Þau munu eignast stóra fjölskyldu.

Hildur Brynja Johannesen

fer í sálfræðináám eftir grunnskólann. Hún fær þá frábæru hugmynd að stofna sína eigin stofu og bæta við nuddi þannig að fólk geti mætt í sálfræðitíma og farið í nudd í leiðinni. Hún hittir draumamakann í nuddnáminu og stofna þau fyrirtækið saman. Þau eignast tvö börn og verða dugleg að ferðast um heiminn með þau.

Hildur Þóra Magnúsdóttir

mun fara í snyrtinám eftir grunnskóla og stofna snyrtifyrirtæki. Hildur verður naglasérfræðingur og sérfræðingur í förðun. Hún hittir draumaprinsinn á Alþjóðaráðstefnu snyrtifræðinga í Mílanó. Þau munu eiga heimili bæði á Íslandi og Ítalíu og lifa hamingjusömu lífi.

Ísabella Ýr Ívarsdóttir

ákveður að fara í Fisktækni skólann eftir Sandgerðisskóla. Þar kemst hún í samband við förðunaryfirtæki sem útbýr förðunarvörur úr fiskifangi. Ísabella fer einnig í förðunarskóla þar sem hún lærir enn frekar að búa til förðunarvörur sem hún hjálpar svo við að framleiða. Hún eignast stóra fjölskyldu með ástinni sinni og lifa hamingjusömu lífi í Sandgerði.

Jasmín Ósk Anítudóttir

fer á hárgreiðslubraut í FS og klárar síðan hárgreiðslumeistarann í Tækniskólanum í Hafnarfirði. Hún opnar sína eigin stofu í Sandgerði og heldur oft námskeið til að kenna yngri stelpum hárgreiðslu og opnar síðan stofu í Reykjavík og Selfossi. Hún kynnist love of her life sem kom í snyrtingu til hennar og saman eignast þau 2 fallegar stúlkur.

Kamilla Björk Þorgeirsdóttir

fer í FS og útskrifast með góðar einkunnir. Hún einbeitir sér að leiklist og tekur þátt í mörgum leikritum. Hún verður fræg og fær að leika í leikriti á Broadway í New York. Hún kynnist manni í gegnum leikrit og þau giftast og eignast 3 börn. Þau búa í New York í stóru húsi og verða heimsfrægir leikarar.

Korneliusz Patryk Krysztopa

fer í forritunar- og verkfræðinám eftir grunnskólann og útskrifast sem tölvu- og rafmagnsverkfræðingur á endanum. Hann mun vinna hjá HS Orku og endurhannar dreifingakerfið þeirra eftir eldgosin á Reykjanesi. Hann verður á mjög góðum launum og kynnist ástinni á ráðstefnu í Þýskalandi þar sem hann er að kynna kerfið sem hann fann upp. Þau munu búa í Sandgerði í fallegu einbýlishúsi og eiga tvö börn og hund.

Kristín Hrefna Ásmundsdóttir

fer í FS síðan í Listaháskóla Íslands. Kristín verður fræg sem píanóleikari og söngvari. Á einni tónleikaferð sinni um heiminn hittir hún drauma-prinsinn sinn í áhorfendaskaranum. Þegar þau fara á fyrsta stefnumótið tengjast þau strax. Þau flytja síðan til Þýskalands á fallegan búgarð. Kristín og ástin hennar eignast tvíbura, stráka og stelpu. Eftir nokkra mánuði ættleiða þau einn hvolp sem er amerískur eskimo hundur.

Margrét Þóra Óskarsdóttir

fer í FS á náttúrufræðibraut og eftir það fer hún í háskólanám í dýralækningum. Hún mun taka þátt í stofnun nýs Dýraspítala hérna á Suðurnesjum. Hún mun eiga mörg dýr og kynnist manningum sínum í gegnum sameiginlega vini. Þau búa saman í Sandgerði og eignast eitt barn.

Mikolaj Hawrylewicz

fer í matreiðslunám í MK. Eftir útskrift fær hann vinnu á flottum veitingastað í bænum. Mikolaj kaupir svo hlut í staðnum og opnar útibú hérna á Suðurnesjunum og gengur mjög vel. Hann hittir draumdísina á Tene. Þau giftast, stofna fjölskyldu og lifa hamingjusömu lífi.

Nikodem Ingi Grochólski

fer í viðskiptanám í FS og eftir skólagönguna fer hann í markaðssetningu á byltingarkenndum markmannshönskum sem hann fer í framleiðslu á með ástinni sinni sem hann hitti í náminu. Salan á hönskunum gengur mjög vel og þurfa þau lítið að hafa áhyggjur af peningum heldur einbeita sér að finna upp fleiri spennandi vörum. Þau eignast fjölskyldu og lifa yndislegu lífi í Amsterdam í Hollandi.

Nikola Zembrzuskz

Hún fer í FB á snyrtifræðibraut og klárar snyrtifræðina. Hún opnar stofu í bílskúrnum sínum og verður nóg að gera í förðun og nöglum og á endanum þar hún að stækka stofuna. Hún kynnist manningum sínum í skólanum og þau eignast 4 börn. Þau lifa saman í flottu húsi í Njarðvík.

Nökkvi Þór Hjaltason

fer í málm- og trésmíði eftir Sandgerðisskóla og klárar það með stæl. Hann heldur áfram að verða enn betri á gítar og ásamt því að rokka þá fer hann í hönnun og framleiðslu á sinni eigin línu af gíturum. Þeir verða gríðarlega vinsælir eftir að Kirk Hammet sér Nökkva taka svakalegt sóló á Youtube og pantar eitt stykki. Nökkvi hittir draumaprinsessuna í kynningarferð á gíturunum sínum og eignast þau þrjú börn saman. Þau enda á því að flytja til Nashville í Bandaríkjunum og lifa yndislegu lífi saman.

Olivier Magnús Jónsson

fer í Fisktækniskólann eftir grunnskólann og fer þaðan í skipstjóranám í Tækniskólanum. Hann fær pláss á stórum togara sem gengur mjög vel að fiska. Olivier hittir draumaprinsessuna í fríinu sínu á Maui og eiga þau yndislega ævi saman. Þau eignast heimili á Íslandi, Póllandi og á Kosta Ríka í Karabíska hafinu.

Patrick Srama

fer í FS á íþróttabraut. Hann byrjar að spila með með meistaraflokki hjá Keflavík og verður svo valinn í U21 landsliðið okkar. Patrick klárar íþróttabrautina og fer líka í einkapjálfun. Patrick verður svo seldur til Danmerkur í atvinnumennsku og hittir hann ástina þar. Þau búa þar og eignast tvö börn og lifa góðu lífi til æviloka.

Pétur Guimaraes Santos

fer í tölvu- og rafmagnsverkfræði eftir FS. Hann fær vinnu hjá Google og hannar þar byltingarkenndan leitarbúnað sem hann selur fyrirtækinu fyrir milljarð. Pétur giftist æskuástinni og setjast þau að í Bandaríkjunum. Þau búa í fallegu húsi með sundlaug og innanhús körfuboltavelli.

Rhabby Þór Lim Rivera

fer í pípulagninganám í FS og útskrifast með pípulagningamaður. Hann stofnar sitt eigið fyrirtæki sem mun ganga mjög vel. Hann mun eiga hús í Sandgerði og á Filipseyjum. Hann hittir ástina sína á ferðalagi með fjölskyldunni sinni. Þau enda á því að eignast þrjú börn og lifa hamingjusömu lífi.

Sesselja Ásta Svavarsdóttir

fer í framhaldskóla og útskrifast með stúdentspróf. Hún fer svo í háskóla og útskrifast sem lögfræðingur. Hún mun vinna á lögfræðistofu og verður þekkt fyrir að vera lögfræðingur ríka og fræga fólksins. Hún mun svo kynast ástinni sinni og þau giftast. Þau eignast svo 3 yndisleg börn saman.

Stefán Þór Guðmundsson

fer í matreiðslunám eftir Sandgerðisskóla og leggur áherslu á grillmat. Hann flytur til Bandaríkjanna þar sem hann fær vinnu á frægum BBQ stað í Arkansas fylki. Seinna opnar hann sinn eigin BBQ stað þar sem hann sameinar íslenskar og bandarískar grill aðferðir og mat. Draumadísina hittir hann á veitingastaðnum og munu þau giftast, eiga þrjú börn og lifa yndislegu lífi.

Sunna Marie Uwesdóttir Völkel

fer í félagsfræðinám eftir Sandgerðisskóla og útskrifast þaðan með glæsibrag. Eftir háskólanámið stofnar Sunna fyrirtæki sem er með sumar- og vetrarbúðir fyrir krakka út um allt land. Sunna giftist æskuástinni og eignast þau fjölskyldu saman og eiga íbúðir í Mosfellsbæ, Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

Torfi Kristinsson

fer í iðnnám eftir Sandgerðisskóla og fer að læra að verða málari. Hann stofnar sitt eigið fyrirtæki og landar risa verkefni að sjá um alla skóla á Reykjavíkuvæðinu. Hann hittir draumaprinsessuna í ferðalagi og eignast þau stóra fjölskyldu og lifa ljúfu og góðu lífi.

Wiktoría Nut Thiaochanthuek

kemst fljótlega í byrjunalið Keflavíkur í fótbolta og skrifar síðan undir samning við Val. Wiktoría fer í FS og hittir þar sinn draumaprins. Hún fer í Háskóla Íslands og útskrifast sem lyfjafræðingur og opnar sitt eigin apótek á Suðurnesjunum. Hún eignast 3 börn og lifir yndislegu lífi hér á Suðurnesjunum.



Kveðja frá umsjónarkennurum

Elsku bestu þið!

Mér finnst það svo stutt síðan en samt svo langt síðan ég tók við ykkur í 2. bekk. Ég og Helga áttum hug ykkar allan og þið voruð svo flottir og skemmtilegir krakkar. Þið hafið alltaf verið fjörugur hópur og mikið fyrir leiki og samveru. Að fara með ykkur í berjamó var nóg til að fá fram gleði ykkar og hvað þá allar vorferðirnar og leikirnir sem við höfum farið í. Í 3. bekk voru þið orðin árinu eldri og þá kom Elsa Marta til okkar eftir áramót. Mér er minnisstætt þegar við fórum í húsdýragarðinn og margir vildu ekki kíkja á beljurnar og svínin því það var svo vond lykt. En auðvitað létuð þið ykkur hafa það að klappa blessuðu dýrunum. Í 4. bekk fórum við Elsa Marta af stað í fyrsta skipti með Harry Potter vinnu vá hvað það var skemmtileg vinna. Þið bjugguð öll til ykkar eigin galdrasprotu og allir voru í Harry Potter þema á öskudaginn sem var geggjað gaman! Í 5. bekk var minnisstæðast frábæra vorferðin okkar á Þingvelli þar sem þið voruð eins og ávallt til fyrirmyndar. Önnur minning frá 5. bekk var að Covid 19 faraldurinn byrjaði og við þurftum að fara varlega en sem betur fer náðum við að fara í vorferðina. Í 6. 7. og 8. bekk fengu þið aðra kennara en ég fékk að koma að kenna ykkur dönsku í 8. bekk sem var svo æðislegt að koma aftur í gamla bekkinn minn. Síðan var ég var beðin um að taka við 9. bekk með Einari Sveini og þá var ekki aftur snúið, ég yrði með ykkur þar til grunnskólagöngu ykkar er lokið. Vá hvað við erum búin að bralla mikið saman og þá heilmikið síðustu tvö skólaár, allar fjáraflanirnar, jóla – og páskabingó, samveran, námið og leikirnir. Síðan kom að skólaferðalaginu þar sem við ákváðum að endurvekja Skagafjarðarleiðina sem var í alla staði frábærasta ferðin með bestu krökkunum. Minnisstæðast er þegar við Einar, Óli og Gulla Stebba slepptum ykkur lausum á Akureyri í 3 tíma og okkur fannst við vera að sleppa beljunum lausum og vonuðum bara að þið skiluðu ykkur í sundlauginna á settum tíma. Núna er síðasta skólaárið ykkar í Sandgerðisskóla og margar minningar að hrannast upp hjá ykkur þessa síðustu mánuði. Yfir heildina eru þið frábærasti bekkurinn, stærsti árgangurinn í skólanum en við höfum fengið frábæra nýja nemendur til okkar síðustu 3 skólaár sem gera okkur að enn betri hóp. “Við erum ekki enn búin að safna í minningarbankann, eigum eftir árshátíð, vorferð og útskrift. Ég og Einar erum viss um að þið öll getið allt sem þið takið ykkur fyrir hendur, með þrautseigju og metnaði munuð þið ná langt. Við munum sakna ykkar hér á göngum skólans en nú tekur við annar kafli í ykkar lífi, hafið trú á ykkur og munið að þið eigið framtíðina. Kær kveðja, Rakel og Einar





FLÍSAR

OG FÚGA S.847 7524

MOTTÓ

10. bekkjar

Adam Blær



Veistu hver ég er kuh!

Aðalheiður Þóra



Lífið er núna.

Agnar Pálmi



Þegiðu mangó.

Aleksandra Halina



**“NO THAT’S WRONG!! - Makoto Naegi
from Danganronpa**

Arnar Smári



**When you think you’re done,
you’ve only just begun.
- Tom Platz**

Aron Logi



**Allt í góðu að mæta
smá seint.**

Benjamín Hlíðkvist



**Betra er að ganga fram
af fólki en björgum!**

Bergþór Óli



Slakaðu á.

Daníel Þór



**Hundurinn minn
borðaði mottóið
mitt.**

Elías Snær



I'm now officially smarter than my wifi connection.

Elsa Rós



I'm gay and ready to slay.

Embla Ósk



The past is in the past, let it go. - Elsa

Eygló Natalie



No dream is never too big.

Eyjólfur Þór



You alright Neymar yeah sunny innit?

Franz Mikael



We suffer more often in imagination than in reality.

Guðný Björg



Ha?

Hafdís Sif



Af öllu því sem ég hef týnt þá sakna ég vitsins mest.

Hafþór Óli



Ég kom fyrir matinn og endaði í búðinni.

Hildur Brynja

**Why fall in love
when you can fall
asleep.**

Hildur Þóra



Ég veit ekki.

Ísabella Ýr



Klósettið er húsið mitt.

Jasmín Ósk



**You should never
apologize for being
you.**

Kamilla Björk



**Ef þú værir ekki
gamall kall þá
myndi ég buffa
þig.**

Korneliusz Patryk



Ekki gefast upp.

Kristín Hrefna




Ég geri það seinna.

Margrét Þóra



Kleinhringir eru alltaf svarið.

Mikolaj



Ekki mér að kenna.

Nikodem Ingi



Ég nenni þessu ekki.

Nikola



**Don't follow your dreams,
follow my insta instead
@Nikola_2307**

Nökkvi Þór



Fór í banka... Ekki banka.

Olivier Magnús



**Bruh, We're about to
graduate just to go to
school again.**

Patrick



Ég veit ekki.

Pétur Guimaraes



**I might be too strung out
on compliments,
overdosed on confidence -
Drake**

Rhabby Þór



**Kennari: Rhabby?
Bekkur... Hann er
örugglega sofandi.**

Sesselja Ásta



**Ég hlusta meira á Billie Eilish
en Einar og Rakel.**

Stefán Þór



Förum í búðina.

Sunna Marie



**Sharing is caring,
alveg sama þótt það
sé matur eða svör.**

Torfi



**I pissed on the man
who called me a dog.
Why was he so surprised?**

Wiktoría Nut



A bombshell has left the villa



**FYRIR
MIKILVÆGASTA
FÓLKID**

FYLGDU OKKUR Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM

 @skolamatur  @skolamatur_ehf

teymisstrið

Einar 4 stig

Rakel 3 stig



Einar um Rakel

Afmælisdagur: 9. júlí ✓
Söngvari: Helgi Björns
(Lady Gaga)
Litur: Bleikur (Grænn)
Áhugamál: Lesa ✓
Fag: Enska ✓
Kvikmynd: Shawshank ✓

Rakel um Einar

Afmælisdagur: 27. janúar ✓
Söngvari: Bono ✓
Litur: Blár (gulur)
Áhugamál: Leeds
(lesa góða bók)
Fag: Danska ✓
Kvikmynd: Shawshank
(Gladiator)

FÚSI Sértak
ehf.
Sandblástur, málun og almenn verktaka.

S: 8 220 233

teymisstrið

Örn Ævar 5 stig

Kolla 5 stig



Örn um Kollu

- Afmælisdagur: 30. des ✓
- Söngvari: Harry Styles (Jón Jónsson) ✓
- Litur: Bleikur (brún föt annars bleikur) ✓
- Áhugamál: Prjóna og fjölskyldan (Rækt, ferðalög og prjón) ✓
- Fag: íslenska ✓
- Staður: Karabíska hafið á skemmtiferðaskipi (þar sem er sól) ✓

Kolla um Örn

- Afmælisdagur: 18. febrúar ✓
- Söngvari: AC/DC (Pearl Jam) ✓
- Litur: Blár ✓
- Áhugamál: Golf og félagsstörf (Golf og ferðalög) ✓
- Fag: Stærðfræði ✓
- Staður: Spánn eða Skotland. helst á golfvelli ✓


Kveðja frá Ölnu

Elsku 2010 árgangur!

Þegar ég lít til baka yfir árið okkar saman stendur hæst uppsetning á Latabæ þar sem þið stóðuð ykkur svo vel! Sunguð hátt og voruð svo samviskusöm að læra línurnar ykkar. Svo lásúm við bókina Draugaslóð og gerðum tímahylki sem verður opnað núna í tilefni útskriftar ykkar

Ég óska ykkur mestu gæfu í þeim verkefnum sem taka ný við hjá ykkur!
Alma





Mun starfa *við eitthvað* tengt pólitík

**Viðtal við
Lárus Einar Ólafsson, fyrrum
nemanda í Sandgerðisskóla**

Ég heit Lárus Einar Ólafsson. Ég fæddist árið 2009 og útskrifaðist úr Sandgerðisskóla árið 2025.

Ég er í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þar er ég á viðskipta og hagfræði braut en ætla að skipta yfir á fjölgreinabraut á næstunni. Námið er bara skemmtilegt ef maður hefur hugann við það og fylgist með í tímum.

Það er mikill munur á því að vera í grunnskóla og í framhaldsskóla. Mesti munurinn sem ég er búinn að taka eftir er það kennurum er slétt sama hvort þú fellur í prófum eða skilar ekki verkefnum þínum. Það er allt á þinni ábyrgð.

Ég mæli sterklega með að fara í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það er gott félagslíf þar og góðir kennarar í FS.

Ég hef ekki en ákveðið nákvæmlega hvað ég ætla að starfa við í framtíðinni. En það verður líklega eitthvað í kringum pólitík.

Systkinastríð



Eyjólfur 4 stig
Gweyna 4 stig

Gweyna um Eyjólf

Afmæli: 7. febrúar
Söngvari: Michael Jackson
Litur: Blár (Fjólublár)
Áhugamál: Ræktin
Fag: Íþróttir
Bíómynd: Harry Potter
(The Karate Kid)



Eyjólfur um Gweynu

Afmæli: 7. ágúst
Söngvari: Drake
Litur: Bleikur
Áhugamál: Dans
Fag: Enska (Íþróttir)
Bíómynd: Avatar
(The Black phone)



ALMENN JÁRNAVINNA VIÐGERÐIR OG NÝSMÍÐI

Kveðja frá Hilmari

Kæri 2010-árgangur.

Haustið 2023 urðu töluverðar breytingar hjá mér. Ég og Kolla, sem höfðum verið saman með 2007 árganginn, vorum ekki lengur teymi og í staðinn kom Einar Sveinn. Við tveir áttum að taka við ykkur, 2010 krökkunum. Það er einhvern veginn þannig að maður heyrir alls konar, oftast frá öðrum nemendum, að ákveðinn hópur sé erfiður, „crazy bekkur“, allt í steik og svo framvegis. Á sama tíma heyrið þið líka sögur um okkur kennarana, að við séum ströng og jafnvel svolítið ógnvekjandi og ég veit að einhverjir voru smeykir að fá mig sem kennara. Það er alltaf tilhlökkun að taka á móti nýjum krökkum, en það fylgir því líka smá stress. En maður minn, hvað það var óþarfi! Þegar við tókum á móti ykkur sá ég strax að hér var heill bekkur af ljúflingum, sama hvert lítið var. Fullt af hjörtum sem þurftu ást og umhyggju, fiðrildum sem þurftu að fá að vera þau sjálf, stjórnnum sem þurftu að finna hversu mikilvæg þau eru og blöðrum sem þurftu að fyllast af námsgleði. Þið tókuð vel á móti okkur Einari og það leið ekki á löngu þar til þið voru orðin bekkurinn okkar. Þið treystuð okkur, voruð námsfús og lögðuð ykkur fram þegar þess þurfti. Nýfermdir krakkar sem voru að leita að sínum tilgangi í lífinu og leyfðu mér að kenna ykkur, ekki bara úr bókum heldur líka um lífið sjálft – það er ómetanlegt. Tíska, TikTok-trend, samfélagsmiðlar, unglíngalingó, aldur (þ.e.a.s. hvað ég og Einar erum orðnir gamlir og gráir), Fortnite og síðast en ekki síst, fótþolti fengu líka sinn sess í umræðunum þegar við tókum pásu frá náminu. Til marks um það hversu vænt mér þykir um ykkur, þá hefur aldrei verið jafn erfitt fyrir mig að kveðja árgang. Ég hef kvatt 10. bekkinga áður, ég hef kvatt hóp sem ég var með í tvö ár, en þegar ég kvaddi ykkur eftir eitt ár í kennslu þá komu tár, ég viðurkenni það alveg. Sem betur fer er ég svo heppinn að fá að hitta sum ykkar aftur eftir sumarfrí, þegar þið komið í FS. Ef við erum heppin fæ ég jafnvel að kenna einhverjum ykkar aftur og það væri mér sannarlega ánægja. 2010-árgangur, til hamingju með áfangann. Takið jafn vel á móti nýjum áskorunum í lífinu og þið tókuð á móti mér og Einari og þá eigið þið eftir að komast langt.



teymisstrið



Sindri 3 stig
Sæunn 4 stig

Sindri um Sæunni

Afmæli: 13. júní ✓
Söngvari: Adele (Stuðmenn)
Litur: Fjólublár (Blár)
Áhugamál: Ræktin og hestar ✓
Fag: Nátturufraeði (Enska)
Bíómynd: Anyone but you
(Dirty Dancing)
Staður: Sveitin/Hálendið ✓

Sæunn um Sindra

Afmæli: 10. feb. ✓
Söngvari: Stuðmenn ✓
(Aron Can)
Litur: Blár
Áhugamál: Fótbolti ✓
Fag: Enska ✓
Bíómynd: Friends (Die Hard) ✓
Staður: Santorini (Tene)



SAMHERJI
FISKELDI



Ferðapjónusta Reykjaness

www.driveyou.is driveyou@driveyou.is

VORFERÐ 9. BEKKJAR ÁRGANGUR 2010



Þriðjudaginn 27. maí, kl. 8:30 var lagt af stað í vorferðina okkar í Skagafjörðinn. Það var mikil stemning í rútunni alla ferðina. Við vorum mjög heppin með rútubilstjóra þar sem hann kvartaði ekkert, sagði okkur fullt af staðreyndum og hrósaði okkur eftir ferðina fyrir að vera snyrtileg. Stoppað var á leiðinni í Borgarnesi og Staðarskála. Þar fengum við hamborgara og flestir keyptu sér vatnsbyssur sem voru mikið notaðar í ferðinni. Ferðin endaði svo í Varmahlíð í Miðgarði þar sem við gistum fyrstu nóttina. Fyrsta daginn fórum við í Paintball og Whipe Out braut á Bakkaföt. Um kvöldið var pylsuparty í Miðgarðinum. Fórum náttúrulega í knockout sem var aðal leikurinn alla ferðina. Fyrstu nóttina vorum við skipt, stelpur í einu herbergi og strákar í öðru, það voru allir í hláturskasti og við sofnuðum seint.

Næsta dag var mikið gert. Við byrjuðum á því að fá morgunmat í Miðgarði, síðan drifum við okkur með allt dótið út í rútu. Það var smá vesen þar sem lyftan í húsinu virkaði ekki en okkur tókst samt að koma öllu dótinu niður og drifum okkur út í sveit. Fyrsta stopp var heimsókn í fjárhús og fjós. Þar fannst mörgum alls ekki góð lykt en kálfarnir voru svo sætir að það var alveg hægt að gleyma lyktinni. Eftir það fórum við í hádegismat á Baccalábar á Hauganesi. Þar fengum við pizzuveislu. Þegar allir voru búnir að borða nóg fórum við í Hvalaskoðun og sjóstöng. Á bátnum urðu nokkrir sjóveikir en það voru allir glaðir að það var boðið upp á heitt kakó og kex. Við fórum síðan í sund í sundlaug Akureyrar þar sem mikið var leikið í rennibrautunum og slakað á í pottunum. Eftir sundið borðuðum við kvöldmat á Greifanum. Þar fengum við kjúkling og franskar. Seinnipart dags komum við okkur fyrir á seinni gististað ferðarinnar sem við áttum eftir að dvelja í tvær nætur. Eftir að allir voru búnir að koma sér fyrir fórum við út í leiki og margir léku sér með vatnsbyssurnar sem við höfðum keypt daginn áður. Þegar við mættum á gististaðinn, Ljósheima fyrr um daginn, fengum við að vita að það var vel þekktur draugagangur í húsinu. Margir tóku því illa og voru þess vegna mjög hræddir að fara að sofa. En það var samt mikil gleði og allt varð vitlaust af hlátri þegar nokkrir byrjuðu að hrjóta.

Þetta var seinasti heili dagurinn okkar. Við vöknudum snemma til þess að fara í morgunmat og svo lögðum við af stað á Sauðárkrók, þar sem við fórum á hestbak. Fólkið sem áttu hestanna voru mjög vingjarnleg. Við vorum rosalega heppin með veður í hestarúntinum okkar þar sem við fórum hring um sveitinna. Í hádeginu fórum við á Kaffi Krók þar sem við fengum kjúklingapasta og besta hvítlauksbrauð sem að við höfum einhvern tímann smakkað. Eftir hádegismat fórum við á Sýndarveruleikasafnið á Sauðárkróki, þar sem við fórum í sýndarveruleika um "battle of Iceland". Þarna fengum við líka að sjá of prófa alvöru gamaldags víkinga her klæðnað. Eftir þessa skemmtilegu upplifun lögðum við af stað til Hofsós. Á Hofsósi fórum við í sund þar sem sundlaugin var ísköld en það var svo fallett útsýni úr sundlauginni. Síðan fórum við í göngutúr um svæðið áður en við fórum í kvöldmat í Retro matarhúsinu þar sem við fengum Mexíkóskar vefjur. Svo var lagt af stað aftur á Ljósheima þar sem við vorum öll úti í leikjum til að njóta góða veðrisins og seinasta kvöldið okkar saman.

Heimfarardaginn byrjuðum við á því að fá okkur morgunmat á Kaffi Krók. Lögðum svo af stað í fljótasiglingu þar sem við fengum að hoppa af stein ofan í ána. Í fljótasiglinguni var líka nemandi sem henti Gullu ofan í og nokkrir strákar duttu í ána og leiðbeinandinn spurði hvort að þeir væru retarded. Eftir það var í boði að fara í heitan pott og við fengum okkur hádegismat á Bakkaföt þar sem við fengum hamborgara og borðuðum öll saman. Þaðan lögðum við af stað heim og það var mikið fjör og þreyta í rútunni. Á leiðinni heim stoppuðum við í Staðarskála þar sem við gátum fengið okkur að borða eða teygta aðeins úr okkur áður en við lögðum af stað aftur heim





NÝ-FISKUR



NÝ-FISKUR

Teymisstríð

Apena 3 stig

Grétar 4 stig



Apena um Grétar

Afmæli: 22. apríl

Tónlistarmaður: Herra Hnetusmjör
(Birrir)

Litur: Graenn (Blár)

Áhugamál: Fótballi og golf

Fag: Samfélagsfræði

Kvikmynd: Shawshank og Happy

Gilmore (Dark Knight Rises)

Staður: Thailand (Tene)



Grétar um Apenu

Afmæli: 4. júlí

Tónlistarmaður: Herra Hnetusmjör

Litur: Svartur (Fjólublár)

Áhugamál: Gymmið, lyftingar

Fag: Staerðfræði

Kvikmynd: Mamma Mia og

Notebook (21 Jump Street)

Staður: Grikkland (Hawaii)





Innilegar hamingjuóskir

með áfangann

árgangur 2010



SUÐURNESJABÆR